



Reglur um gestagjöld vegna köfunar og fyrir yfirborðsköfun í Silfru innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum

1. gr.

Gjöld fyrir köfun/yfirborðsköfun

Hverjum þeim einstakling sem hyggst kafa/yfirborðskafa í Silfru ber að greiða kr. 1.000 fyrir hverja einstaka köfun.

2. gr.

Fyrirkomulag greiðslu o.fl.

Gjöld samkvæmt 1. gr. ber að inna af hendi áður en köfun / yfirborðsköfun fer fram og skal greiðsla innt af hendi til Þingvallanefndar á þeim stað sem Þingvallanefnd ákveður á hverjum tíma.

3. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samdar eru og samþykktar af Þingvallanefnd eru hér með staðfestar samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, sbr. e. lið 6. gr. reglugerðar nr. 848/2005 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð, öðlast þegar gildi við birtingu.